



Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. maí 2023

Meðfylgjandi er umsögn Afstöðu, félags fanga á Íslandi um tillögu til þingsályktunar varðandi leyfisskyldu og eftirlit með áfangaheimilum, 153. löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 703 - 546. mál.

Virðingarfyllst,

f.h. Afstöðu, félags fanga á Íslandi

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður

formadur@afstada.is



UMSÖGN AFSTÖÐU, FÉLAGS FANGA Á ÍSLANDI

Um tillögu til þingsályktunar um leyfisskyldu og eftirlit með áfangaheimilum

153. löggjafarþing 2022-2023

Þingskjal 703 - 546. Mál

Maí 2023



Afstaða, félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun, fagnar því að þingsályktunartillaga þess efnis að Alþingi álykti að fela félags- og vinnumarkaðsráðherra að undirbúa lagasetningu um leyfisskyldu og eftirlit með rekstri áfangaheimila, skilgreiningu þeirra og hlutverk og lýsir yfir afdráttarlausum stuðningi við það að þingsályktunartillagan verði lögð fram á Alþingi. Félagið vonar að með tillögunni verði stigið spor í rétta átt enda getur það orðið til að auka möguleika fólks með vímuefnavanda, annan fjölþættan vanda eða fólks sem er að ljúka afplánun og stíga sín fyrstu spor aftur út í samfélagið, til að takast á við vandann og lífið í samfélagi manna.

Afstaða stendur fyrir endurhæfingu fanga og skaðaminnkandi úrræðum, en mjög stór hópur þeirra eru eða hafa notast við áfangaheimili að lokinni afplánun eða sem hluta af afplánun. Félagið er því hin eiginlega „grasrót“ hóps sem fjallað er um í þessu máli og stöndum við vörð um hagsmuni þeirra út á við.

Í störfum félagsins og vettvangsteymi Afstöðu höfum við tekið vel eftir undanfarin ár hversu illa er staðið að rekstri margra áfangaheimila og hversu lítið er um þjónustu, eftirlit, úrræði og aðhald á þessum heimilum. Í sumum þessara áfangaheimila er jafnvel stöðug vímuefnaneysla, slagsmál og slys og áfangaheimili oft eftirlitslaus um nætur og jafnvel allan sólarhringinn. Í nokkrum þessum áfangaheimilunum er stöðug neysla vímuefna og hefur fólk ofskammtað og jafnvel látist af völdum neyslu. Hér er sértaklega átt við ákveðið áfangaheimili sem er enn rekið í dag á mjög ófaglegan hátt og að okkar mati glæpsamlegan hátt með vitneskju allra sem veitir þessu áfangaheimili fjárhagslegan stuðning.

Á þessum áfangaheimilum er fólk, sem yfirleitt í flestum tilfellum þurfa aðhald og aðstoð við margar daglegar þarfir. Það má svo sannarlega segja að þau áfangaheimili sem Afstaða myndi gefa góða einkunn eru teljandi á fingrum annarrar handar og það hefur hreinlega tekið á að horfa upp á slíkan rekstur og sérstaklega þegar svo augljóslega kemur í ljós að það er enginn hugmyndafræði, metnaður og markmið hjá þeim stöðum heldur einvörðungu ásetning um gróða, sem hefur komið harkalega niður á okkar skjólstæðingum og jafnvel með lífi sínu. Það er sorglegt. Þá vitum við um dæmi um áfangaheimili sem fær vænar fúlgur fjár frá stjórnvöldum en taka ekki við þeim skjólstæðingum sem þó er gefið út að þeir sinni sérstaklega en í því tilfalli eru „bestu molarnir“ valdir inn á áfangaheimilið með því að markmiði eða sína fram á besta árangur áfangaheimilis á landinu en á meðan eru þeir sem virkilega þurfa á þjónustunni skyldir eftir úti og jafnvel deyja.

Það sem er einnig nauðsynlegt að hér komi fram er að þó svo að Afstaða sé mjög fylgjandi leyfisskyldu og eftirliti með áfangaheimilum þá er mikilvægt að gera ekki félögum of erfitt fyrir að vera með rekstur slíkra heimila. Einhvers staðar þarf þetta fólk að vera og hætta á að áfangaheimilum fækki mikið. Það að fara að krefjast viðveru menntaðs heilbrigðisstarfsfólks



sem og félagslegrar ráðgjafar getur sjálfkrafa komið í veg fyrir að slík heimili geti starfað vegna kostnaðar en mikilvægt er að greina á milli áfangaheimila og svo meðferðarheimila, en ekki er hægt að krefjast þess að fagfólk sé í daglegum störfum á slíkum heimili. Þá eru öll áfangaheimili starfsleyfisskyld frá sínu sveitarfélagi og er undir eftirliti bæði eldvarnareftirliti og heilbrigðiseftirliti, sem þannig gætir, hreinlætis, öryggis og aðbúnaðar, sem eins og segir í tillögunni, eru lykilatriði.

Til þess að betur má takast við rekstur áfangaheimili og til að hægt veri að leyfisskylda og vera undir eftirliti, er mikilvægt að félagsmálayfirvöld endurskoði fjárframlög og styrki til áfangaheimila í samráði við sveitarfélögin og tryggji áfangaheimilum fé og að sanngirnis verði gætt við úthlutun þeirra og að allir eigi jafnan rétt. Í dag er þessi staða svolítið því að kenna að allir vinna í sínu horni og allir að keppast um það litla fé sem er í boði.

Afstaða hvetur Velferðarnefnd til að kalla fulltrúa þeirra félaga sem hafa rekið góð áfangaheimili undanfarin ár og leyfa þeim að vera með í þessari vinnu en það eru félög eins og Vernd, Samhjálp, SÁÁ, Dyngjan og svo Reykjavíkurborg.

Afstaða vonar að félagsmálaráðherra muni skipa samráðhóp um málefnið með fulltrúum þeirra helstu sem reka áfangaheimili í dag en einnig benda á hversu mikilvægt er að fulltrúar í þeim hópi séu einnig frá frjálsum félagasamtökum sem koma að málinu og eru í beinum tengslum við sína grasrót og notendur. Þau félög eru ekki mörg en eru þó; Afstaða, Matthildarsamtökin, Frú Ragnheiður og Félagsvinir RKÍ. Þá væri eðlilegt að fulltrúar frá Velferðarviði Reykjavíkurborgar verði með í ráðum enda er enginn sem sinnir eins mörgum aðilum sem þurfa á áfangaheimilum að halda og væri skynsamlegt að þeir fulltrúar væru úr málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir hjá borginni.

Að því sögðu lýsir félagið sig tilbúið til að aðstoða félagsmálaráðherra eftir fremsta mætti og bíður fram fulltrúa í hópinn enda býr innan Afstöðu mikil reynsla af málaflökknum.

Fulltrúar Afstöðu eru að sjálfsögðu tilbúnir að hitta velferðarnefnd Alþingis til þess að fara yfir þessa umsögn og svara spurningum um málefnið.

Virðingarfyllst,

f.h. Afstöðu, félags fanga á Íslandi

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður

formadur@afstada.is

